# 34. háskólaþing Háskóla Íslands

# haldið 20. nóvember 2024

## Dagskrá

Kl. 13.00-13.05 Rektor setur þingið og fer yfir dagskrá og tímaáætlun (5 mín.).

**Dagskrárliður 1**

Kl. 13.05-13.20 Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands (15 mín.).

**Dagskrárliður 2**

Kl. 13.20-14.05 Öryggismál Háskóla Íslands (45 mín.).

Málsmeðferð:

a) Öryggismál á háskólasvæðinu – Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, dósent og formaður öryggisnefndar Háskóla Íslands (15 mín.)
b) Netöryggi og netógnir – Guðmundur H. Kjærnested, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs (15 mín.).
c) Umræður (15 mín.).

Kl. 14.05-14.15 Kaffihlé (10 mín.).

**Dagskrárliður 3**

Kl. 14.15-14.50 Alþjóðleg staða Háskóla Íslands (35 mín.).

Málsmeðferð:

a) Vísindastarf Háskóla Íslands í alþjóðlegu samhengi – Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs og Friðrika Harðardóttir, sviðsstjóri alþjóðasviðs (20 mín.).
b) Umræður (15 mín.).

**Dagskrárliður 4**

Kl. 14.50-15.45 Skipulags- og samgöngumál háskólasvæðisins (55 mín.).

Málsmeðferð:

a) Þróunaráætlun fyrir háskólasvæðið – Hrund Ólöf Andradóttir, prófessor og formaður skipulagsnefndar háskólasvæðisins (15 mín.).
b) Samgöngumat – háskólakampus HÍ – Daði Baldur Ottósson, samgönguverkfræðingur hjá Eflu (15 mín.).
c) Gjaldtaka fyrir bílastæði á háskólasvæðinu. Staða mála – Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs (10 mín.).
d) Umræður (15 mín.).

Kl. 15.45 Rektor slítur háskólaþingi.

### Kl. 13.00-13.05
### Setning háskólaþings

Rektor setti háskólaþing og bauð þingfulltrúa velkomna. Greindi hann frá því að þetta væri 34. háskólaþing Háskóla Íslands, en fyrsta háskólaþing, sem þá hét háskólafundur, var haldið 4.-5.

nóvember 1999 og var viðfangsefni þess að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu fyrir Háskóla Íslands. Haldnir voru 25 háskólafundir, en árið 2008 var nafninu breytt í „háskólaþing“ og er þetta, eins og áður sagði, 34. þingið, eða ef allt er talið hið 59.

Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglur um skipan og fundarsköp háskólaþings nr. 984/2008 með síðari breytingum. Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Þingið fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega stefnu Háskóla Íslands að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvaðeina sem varðar starfsemi Háskóla Íslands og ráðið getur einnig falið þinginu umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Háskólaþing er ályktunarbært um þau málefni sem það telur að varði hag háskólasamfélagsins.

Á háskólaþingi eiga fast sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og kjörnir fulltrúar fræðasviða, fulltrúar helstu stofnana Háskóla Íslands og samstarfsstofnana hans, kennarafélaga og stúdenta auk fulltrúa starfsmanna stjórnsýslu og fulltrúa úr háskólaráði. Tæplega 100 manns sitja háskólaþing að þessu sinni.

Fundargerð síðasta háskólaþings, sem haldið var 17. apríl sl., var send þingfulltrúum. Engar athugasemdir bárust við fundargerðina og skoðast hún því samþykkt.

Rektor fól Magnús Diðrik Baldurssyni, skrifstofustjóra rektorsskrifstofu, að vera fundarritari.

**Kl. 13.05-13.25**
**Dagskrárliður 1**
**Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands**
























**Kl. 13.20-14.05**
**Dagskrárliður 2**
**Öryggismál Háskóla Íslands**

Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, dósent og formaður öryggisnefndar Háskóla Íslands, gerði grein fyrir stöðu mála varðandi öryggismál Háskóla Íslands.






## Þjálfun og fræðsla

**Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði**

- Fór fram í fjarnámi og kennslustofu hjá HÍ 21. maí 2024
- Haldið af *Vinnuverndarnámskeið ehf.*
- Allir meðlimir öryggisnefnda HÍ

**Regluleg öryggisnámskeið í boði við HÍ**

- Öryggi á rannsóknastofum
- Skyndihjálparnámskeið
- (Geislavarnir á rannsóknastofum)
- LYF110G / LYF207M – Öryggisnámskeið fyrir rannsóknarstofur
- Ýmis námskeið í netöryggi/gagnaöryggi undir TÖL númerum (TÖL106M/TÖL022F o.fl.)

**Ýmislegt fræðsluefni og viðbragðsáætlanir til staðar á** oryggi.hi.is

## Þjálfun í vinnslu

**Canvas öryggisnámskeið**

- Framhaldsnemar og starfsfólk hefja oft störf á mismunandi árstímum
- Mikilvægt að geta farið yfir öryggisatriði ***strax í upphafi náms/starfs***
- Vinna að Canvas öryggisnámskeiði sem hægt væri að aðlaga fyrir hverja deild er í vinnslu
  - Styrkt af aldarafmælissjóði HÍ

**Önnur námskeið sem öryggisnefndin vill geta boðið reglulega upp á**

- Viðbrögð við ógnandi hegðun
- Áhættumatsgerð
- Öryggi í felt ferðum(?)

Einnig hefur verið rætt að útbúa ýmsar leiðbeiningar (ekki endilega í námskeiðsformi), t.d. fyrir förgun efna (samræming yfir allan háskólann), notkun augnskola o.fl.

## Aukið ofbeldi og vopnaburður í skólum(?)

- Við erum lánsöm að það hefur ekki orðið alvarleg árás innan HÍ
- Þó hafa ógnir/hótanir og önnur tilvik komið upp sem hefur þurft að bregðast við
- Stór og opinn vinnustaður
- Hversu vel erum við undirbúinn í dag?
- **Umræðufundur um ofbeldi var haldinn 1. okt síðastliðinn**
- **Þema á öryggisþingi HÍ haldið 12. nóv síðastliðinn**




https://www.visir.is/t/2680
https://www.ruv.is/frettir/erlent/2023-08-25-islenskur-dosent-vard-fyrir-hnifaaras-i-oslo-390364
https://www.dv.is/frettir/2022/10/18/unglingar-med-vopn-skolanum-thau-eru-einfaldlega-geymd-skolatoskunni/
https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-12-08-kostudu-raudu-glimmeri-yfir-bjarna-i-motmaelaskyni-399195

## Þörf á skýru og einföldu verklagi

**Ef það er brýn hætta skal hringja í 1-1-2 og gæta að eigin öryggi.** Eftir að hættan er liðin hjá er gott að fylgja eftir með viðeigandi tilkynningum innan HÍ.

**Ef hættan er ekki brýn, hvert skal tilkynna?**

Á Uglu erum við með:




En vita allir af þessum tilkynningarhnappi..? Og dekkar hann allt?

## Hvert fara síðan tilkynningarnar?



**Tilkynning um ofbeldi og hótanir á vettvangi HÍ**

**Fagráð**
- Sálfræðingur
- Nýdoktor
- Akademískur kennari við lagadeild (lögfræðingur)

Með fagráðinu starfa
- Verkefnisstjóri á starfsmannasviði
- Jafnréttisfulltrúi HÍ

**Viðbragðsteymi**
- Sálfræðingur
- Lögfræðingur
- Verkefnastjóri

**Enginn sameiginlegur fastur einstaklingur í neinum tveimur viðbragðsteymum/fagráði!**

**Einföldun á tilkynningarferli er í skoðun**

**Viðbragðsteymi**
- Lögfræðingur rektorsskrifstofu
- Formaður öryggisnefndar HÍ
- Forseti viðkomandi fræðasviðs/framkv.stj. miðl. stjórnsýslu
- Mannauðsstjóri fræðasviðs / miðl. stjórnssýslu

## Fleiri vangaveltur í tengslum við ofbeldi/ógnandi hegðun

**Upplýsingaflæði og skjölun er mikilvæg!**
- Hverjir eiga að fá beina tilkynningar þegar eitthvað gerist?
- Hverjir eiga að hafa aðgang að skjöluðum upplýsingum? (Persónuverndarsjónarmið)
- Tæknilegar útfærslur

**Ef það er meiriháttar hætta á háskólasvæðinu**
- Hversu hratt getum við sent tilkynningar á háskólasvæðið? (Skjáir? SMS frá 1-1-2?)

**Byggingar**
- Almennur opnunartími vs. aðgangsstýrð opnun vs. lokunartími?
- Öryggisvarsla?

**Viðbragðs æfingar**
- Fyrir hverja helst? Hvaða kringumsstæður?

**Tilkynna til lögreglu**
- Æskilegt að tilkynningaþröskuldur sé lægri frekar en hærri

## Samfélagssáttmáli um hegðun?

Mikilvægt að ýta undir jákvæð samskipti. Væri raunhæft að reyna að vera með samfélagssáttmála um hegðun?

**Siðareglur HÍ**

4.1 – Við sýnum hvert öðru virðingu í framkomu, samskiptum, ræðu og riti og högum skoðanaskiptum á málefnalegan hátt.



## Helstu verkefnin – samantekt

- Öryggisfræðsla/þjálfun
- Áhættumatsgerð
- Skýrir og einfaldir verkferlar
- Skýrar boðleiðir
- Gott upplýsingaflæði
- Sýnileiki (t.d. hvert skal tilkynna, slysaskráningar o.fl.)




## Takk fyrir áheyrnina…

…og hlakka til að halda samtalinu gangandi.

**Öryggisnefnd HÍ** (oryggi@hi.is) og mæli með að skoða https://oryggi.hi.is.

| | | |
|---|---|---|
| **FVS**<br>Sigríður Björk Gunnarsdóttir, form.<br>Guðný Björk Eydal<br>Halldóra F. Sigurgeirsdóttir<br>Helga Steinnunn Hauksdóttir | **HVS**<br>Sveinn Hákon Harðarsson, form.<br>Arndís Sue-Ching Löve<br>Jón Grétar Sigurjónsson<br>Sigríður Klara Böðvarsdóttir | **HUG**<br>Bernharð Antoniussen, form.<br>Ragnheiður Kristjánsdóttir<br>Romina Werth<br>Sigríður D. Þorvaldsdóttir |
| **MVS**<br>María Kristín Magnúsdóttir, form.<br>Einar Guðmundsson<br>Finnur Jens Númason<br>Helena Gunnarsdóttir | **Miðlæg stjórnsýsla**<br>Jónína Helga Ólafsdóttir, form.<br>Agnar Kristján Þorsteinsson<br>Ingibjörg Ólafsdóttir<br>Robert Senski | **VoN**<br>Íris Hrönn Guðjónsdóttir, form.<br>Óskar Rudolf Kettler<br>Sigríður Rut Franzdóttir<br>Sveinbjörn Steinþórsson |

Formenn öryggisnefndanna mynda síðan öryggisnefnd HÍ Benjamín Ragnari Sveinbjörnssyni, formanni.

Snorri Páll Davíðsson, verkefnastjóri öryggismála, starfar með öryggisnefndinni.

Næst fjallaði Guðmundur H. Kjærnested, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs, um netöryggi og netógnir.

# Upplýsingaöryggi/netöryggismál

Kynning á háskólaþingi nóvember 2024

UPPLÝSINGATÆKNISVIÐ
Guðmundur H. Kjærnested, sviðsstjóri

## Ógnir

- Innbrot í mikilvæg upplýsingakerfi (Uglan, Vefir HÍ, IREI)
- Gagnaþjófnaður / gagnagíslataka / gagnatap
- Phishing póstur til starfsmanna / trjóuhestar
- Óvarðar útstöðvar
- Óstudd stýrikerfi
- Viðkvæm gögn vistuð á óstuddum stýrikerfum
- Kennslukerfi í skýinu - netsamband
- Öryggisbrestir persónuupplýsinga
- HÍ netið er samfélagsnet– skortur á eldveggjum
- Innleiðing upplýsingakerfa



## Varnir

- Innleiðing vottaðs stjórnkerfis upplýsingaöryggis ISO 27001
- Fjárfestingar í varnarbúnaði
- Fjárfestingar í mannauði
- Efla samstarf
  - Stjórnarráðið
  - CERT-IS
  - Háskólasamfélagið
  - Norrænt samstarf (Nordunet, Sikt, DEIC, CNC,Sunet)

## Markmið með innleiðingu ISO27001

Vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis

- Samræma verklag innan háskólans um rekstur og meðhöndlun upplýsinga
- Skýra hlutverk og ábyrgð á upplýsinga og upplýsingakerfum
- Uppfylla regluverk og kröfur (t.d.GDPR, Þjóðskjalasafn)
- Virk áhættustjórnun við rekstur upplýsingakerfa og upplýsingakerfa
- Formfastari rekstur upplýsinga og upplýsingakerfa
- Neyðarstjórnun upplýsingakerfa



## Varnir beinast að:

- Upplýsingakerfunum
  - Uglu
  - Vefir
  - Kennslukerfum
  - Póstkerfi og gagnasvæðum
  - Háskólanetinu
- Rannsóknargögnum
- Notendum

## Varnir gagnvart upplýsingakerfum

- Reglubundnar veikleikagreiningar og úttektir
- Virk atvika- og frávikastjórnun
- Breytingastjórnun
- Sjálfvirknivæðing rekstrar upplýsingakerfa, frá handavinnu yfir í virkara eftirlit
- Tveggja þátta auðkenning
- Afritunaráætlun
- Neyðaráætlanir - Viðbragðsáætlanir
- Eftirlitskerfi
- Greining helstu upplýsingakerfa í skýinu - viðbragðsáætlanir
- Aðgangsrýni – yfirferð aðgangsréttinda starfsmanna
- Áhættumat – draga fram helstu áhættur, veikleika og tækifæri
- Öryggisaðgerðir í Menntaskýi

## Verndun rannsóknargagna

- Varðveisla rannsóknargagna hefur verið með ýmsum hætti
  - Gögn varðveitt á mismunandi stöðum
  - Skortur hefur verið bæði á ráðgjöf og lausnum
- Rannsóknarinnviðurinn IREI
  - Miðlæg og örugg vistun gagna
  - Örugg miðlun gagna
  - Innviðurinn er aðgengilegur öllum rannsóknum

**IREI, Icelandic Research e-Infrastructure**




## Varnir almennra notenda

- Tveggja þátta auðkenning
- Miðlæg innkaup á upplýsingabúnaði (tölvur, hugbúnaður og annað), samstarf við Upplýsingaöryggisstjóra og Persónuverndarfulltrúa HÍ.
- Miðlæg stjórnun útstöðva (tölvur notenda og annar búnaður)
  - Reglubundnar uppfærslur stýrikerfa og hugbúnaðar
  - Vírusvarnir
  - Eftirlit með útstöðvum
- Afritun gagna notenda á miðlægum svæðum og endurheimt þeirra
- Aukið upplýsingaflæði um upplýsingaöryggi

**Almenn tilmæli til notenda um upplýsingaöryggismál**

- Nota öpp frá viðkenndum aðilum
- Alltaf að læsa tækjum / nota Pin / góð lykilorð
- Ekki vista kortið hvar sem er / ekki treysta hvaða aðila sem er
- Ekki gleyma að uppfæra búnaðinn
- Ekki setja upplýsinga á samnýtta tölvur (kaffihús / bókasöfn)
- Ekki opna viðhengi sem þið þekkið ekki
- Vara sig á hlekkjum sem ekki eru með HTTPS
- Aldrei nota sjálfgefin lykilorð
- Ekki endurnota lykilorð
- Aldrei senda myndir af Debet eða Kredit
- Passa sig á auglýsingum á netinu
- Takið afrit af persónulegum gögnum ykkar /
- Skoðið reglulega gagnanotkun /

## Netöryggi - brýn verkefni fram undan

- Ráðning tölvuöryggissérfræðings
- Öryggisúttekt á IREI (Icelandic Research e-Infrastructure)
- Öryggisúttekt á Uglu
- Lokun neta með eldveggjum, t.d. IREI
- Innleiðing á SOC (Security Operation Center) með 24/7 vöktun og viðbragði
  - Samstarf við CERT-ÍS
- Samstarf við Defend Iceland
  - Sérfræðingar líkja eftir aðferðafræði tölvuglæpamanna og herma árásir á net-, tölvu- og hugbúnaðarkerfi HÍ til að finna veikleika
- Átak í að upplýsa starfsmenn og nemendur um upplýsingaöryggi

Að kynningum loknum gaf rektor orðið laust.

Rektor gerði að umtalsefni öryggi gesta Háskóla Íslands, starfsfólks annarra fyrirtækja, ræstingafólks o.s.frv. og spurði hvort það væri almennt upplýst um öryggismál á háskólasvæðinu. Einnig nefndi hann þá öryggisveilu að kennarar þurfa að muna að skrá sig út í tölvum í kennslustofum.

Deildarforseti Sálfræðideildar fagnaði þeirri vinnu sem væri í gangi varðandi öryggismál og sagði að ofbeldismál sem nýlega hefði komið upp deild hefði leitt í ljós að öryggisferlar væru ekki nógu skýrir. Svipað mál hefði komið upp í deildinni fyrir þremur árum og væri mikilvægt að draga ályktanir og lærdóma af slíkum tilvikum til að gera kerfin skýrari og ferlana ljósari.

Fulltrúi sameiginlegrar stjórnsýslu benti á að þegar haldin eru öryggisnámskeið þurfi að hafa hugfast að starfsfólk Háskóla Íslands er með starfsstöðvar um allt land sem getur tekið þátt t.d. í netnámskeiðum. Einnig væri mikilvægt að huga vel að öryggi þeirra sem eru í vettvangsvinnu/feltvinnu.

Formaður öryggisnefndar svaraði og sagði að öryggismál utanaðkomandi starfsfólks, s.s. í tengslum við þrif á rannsóknastofum, hefðu verið rædd á vettvangi öryggisnefndar. Einnig tók hann undir ábendinguna um mikilvægi þess að hafa ferla skýra og skiljanlega. Loks þyrfti að samhæfa öryggismál með helstu samstarfsstofnunum á háskólasvæðinu.

Deildarforseti Viðskiptafræðideildar fagnaði því sem fram kom í kynningu sviðsstjóra upplýsingatæknisviðs um IREI og rannsóknagögn og sagði að um væri að ræða „sýrur og basa“ félagsvísindanna. Varðandi innskráningu kennara í tölvur í kennslustofum sagði hann varasamt að skrá sig inn með aðgangs- og lykilorði í óvörðu umhverfi. Þetta væri öryggishola sem þyrfti að skoða sérstaklega.

Kjörinn fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs sagði ýmsa öryggisvá steðja að starfsfólki og nemendum Heilbrigðisvísindasviðs, s.s. vegna hálku og ónógrar lýsingar í kringum byggingar. Einnig komi stundum upp ofbeldismál í klínísku námi sem geti verið flókin. Slík tilvik séu ekki alltaf skráð og umfang þeirra því ekki þekkt að fullu, en mikilvægt er að þessi starfsemi sé með í öryggisáætlunum Háskóla Íslands.

Deildarforseti Íslensku- og menningardeildar sagði frá því að hann hefði nýlega átt samskipti við nemanda sem á við geðrænan vanda að stríða og fann þá til óöryggis um hvernig hann ætti að bregðast við.

Kjörinn fulltrúi Hugvísindasviðs ræddi öryggi stjórnmálamanna og annarra gesta sem taka þátt í fundum og viðburðum í húsakynnum Háskóla Ísladns og spurði hvort öryggisnefnd hefði skýr viðmið um hvenær lögregla væri kölluð til þegar kemur til truflana eða ógnana á slíkum viðburðum og hvort gerður væri greinamunur á þessu.

Fulltrúi í háskólaráði greindi frá utanaðkomandi einstaklingi sem oft dveldi á háskólasvæðinu og hefði ítrekað verið uppvís að því að hafa í frammi ógnandi hegðun, einkum gagnvart lituðum konum. Kalla hefði þurft til lögreglu vegna þessa og þá vaknaði sú spurning hver staða slíks fólks sé og hvert aðgengi þess sé að háskólasvæðinu.

Formaður öryggisnefndar brást við og sagði deildarforseta iðulega setta í flókna ábyrgðarstöðu sem sérstaklega þyrfti að huga að. Einnig sagði hann að öryggisnefnd hefði fjallað um málefni gesta á háskólasvæðinu og gert drög að öryggisreglum varðandi viðburði, en í því sambandi væri að mörgu að hyggja, þ. á m. hverjar valdheimildir nefndarinnar séu.

Sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs þakkaði deildarforseta Viðskiptafræðideildar fyrir ábendinguna varðandi óvarðar tölvur í kennslustofum og sagði að málið verði skoðað sérstaklega. Þá sagði hann að upplýsingatæknisvið hefði sótt um styrk vegna IREI sem varðar ekki síst öryggi á Heilbrigðisvísindasviði.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors, Benjamíns Ragnars Sveinbjörnssonar og Guðmundar H. Kjærnested, þau Ann-Sofie Nielsen Gremaud, Gauti Kristmannsson, Hólmfríður Garðarsdóttir, Magnús Þór Torfason, Ragnar Pétur Ólafsson, Sæunn Stefánsdóttir og Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir.

**Kl. 14.05-14.15**
**Kaffihlé**

**Kl. 14.15-14.50**
**Dagskrárliður 3**
**Alþjóðleg staða Háskóla Íslands**

Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs, og Friðrika Harðardóttir, sviðsstjóri alþjóðasviðs, gerðu grein fyrir málinu.












## Erlendir nemendur eftir námsstigi 2022-2023




## Fjöldi alþjóðlegra nemenda eftir fræðasviðum




## Skólagjöld nemenda utan EES

- **Alþjóðlegt samstarf er mikilvægt fyrir gæði og samkeppnishæfni háskóla**
- **Eftir því sem nemendum utan EES-svæðisins fjölgar tekur kostnaður háskólanna vegna þessara nemenda sífellt stærri skerf af opinberu framlagi til háskólastigsins**
- **Ísland er í dag eina Norðurlandaþjóðin sem innheimtir ekki skólagjöld af nemendum utan EES-svæðisins**
- **Mikilvægt er að opinberir háskólar hér á landi gangi í takt við hin Norðurlöndin og alþjóðlega þróun á sviði háskólamála**
- **Ábendingar OECD**

## Umfang nemenda utan EES-svæðisins




## Umfang nemenda utan EES-svæðisins




## Nemendur HÍ utan EES




### Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008

1. Gjaldtökuheimild veitt opinberum háskólum vegna nemenda utan EES
2. Skilgreining á undanþágum tiltekinna hópa nemenda utan EES
3. Nemendur utan EES telja almennt ekki lengur í fjármögnunarlíkani
4. Útfærsla á stuðningskerfi fyrir afburðanemendur með styrktarsjóðum




AURORA




- Ár liðið af öðru styrktímabili AURORA háskólanetsins - 2023-2027 – HÍ leiðir
- 64 evrópsk háskólanet komin á laggirnar
- Evrópsku háskólanetin enn álitin í lykilstöðu fyrir framþróun háskólamenntunar í Evrópu
- FOREU4ALL - samstarfsvettvangur þvert á öll háskólanetin
- Samstarfsvettvangur íslenskra háskóla í evrópskum háskólanetum hefur verið myndaður




## Aurora háskólarnir



AURORA

## Aurora-áherslur 2023-2027

- Áfram unnið að nýsköpun í námi og kennslu til að mæta brýnum hnattrænum áskorunum
- Áhersla á sameiginlega þróun námskeiða og námsleiða sem styðja við heimsmarkmiðin
- Aukin áhersla á rannsóknasamstarf háskólanna
- Áframhaldandi samstarf til ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi



AURORA

## Aurora skipulag HÍ

- Kjarnahópur
  - Allir fulltrúar HÍ í vinnuhópum og aðrir með aðkomu að skipulagi og umsýslu – um 35 manns
  - upplýsingagjöf og samráð innan hópsins
- Stýrihópur
  - yfirumsjón - stefnumörkun, fjármál, stuðningur við rektor
- Aurora-skrifstofa / Aurora-teymi
  - verkefnastýring og samhæfing
- Vinnuhópur um fjármögnun Aurora-námskeiða innan HÍ
  - Unnið að tillögum til að tryggja fjárhagslegan ávinning fyrir deildir og fræðasvið af Aurora-námskeiðum og öðrum stuttum stað- og fjarnámskeiðum (s.s. COIL) kennd í samstarfi við aðra skóla



AURORA HÍ

## Aurora-tækifæri fyrir starfsfólk

**Ferðastyrkir til þróunar kennslusamstarfs þvert á Aurora-háskólana**
- Þrír styrkir veittir veturinn 2024-25
- Styrkþegar af ólíkum fræðasviðum, en allir með áherslu á þverfræðileg námskeið

**Styrkir til rannsóknasamstarfs**
- 4 verkefni styrkt 2024 með aðkomu HÍ
- Auglýst næst fyrri hluta árs 2025
- Styrkir til undirbúnings rannsóknasamstarfs, fræðatengd námskeið, styttri rannsóknardvalir fyrir upprennandi rannsakendur

**Námskeið, vinnustofur og kennslukaffi um kennsluþróun í anda Aurora, haldin erlendis og á vegum Kennslumiðstöðva s.s.:**
- LOUIS – þverfræðileg hæfniviðmið
- COIL – Collaborative Online International Learning
- Community Service Learning

**Frekari upplýsingar:**
aurora@hi.is
hi.is/aurora

AURORA HÍ



AURORA HÍ

## Aurora kennsluvefur https://setberg.hi.is/is




AURORA HÍ

## Kennsluskrá HÍ – Aurora-merking






### Aurora-tækifæri fyrir nemendur

- Að öðlast þroskandi, alþjóðlega reynslu sem hluta af sínu námi
- Aurora-námskeið í stað- eða fjarnámi – metin til eininga
- Þátttaka í Stúdentaráði Aurora – á vegum SHÍ
- Aurora Student Ambassadors – þátttaka í verkefnavinnu og fundum vegna þróunar Aurora-samstarfsins. Rúmlega 50 nemendur við HÍ skráðir 2024-25 (25 í fyrra).

AURORA

## Work packages

HÍ

- WP1 PROJECT MANAGEMENT
- WP2 DEVELOPMENT OF SHARED SUPPORT PLAN FOR RESEARCH AND INNOVATION
- WP3 SHARING INFRASTRUCTURE AND RESOURCES
- WP4 STRENGTHENING COOPERATION ON ENTREPRENEURIAL ACTIVITY
- WP5 EMPOWERING HUMAN CAPITAL
- WP6 SHARING AND IMPLEMENTING OPEN SCIENCE PRACTICES
- WP7 ENGAGING CITIZENS AND SOCIETY
- WP8 LEARNING AND SHARING WITH OTHER EUROPEAN UNIVERSITIES
- WP9 COMMUNICATION and DISSEMINATION

HÍ

Yfirlit yfir fjölda erlendra rannsóknaverkefna við Háskóla Íslands á árunum 2003 til 2024

Heildarfjöldi verkefna 2003 -2024
**445**







HÍ

169

274

### Röðun í undirflokkum Times Higher University Ranking 2019-2024

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Háskóli Íslands | 251-300 | 351-400 | 401-500 | 401-500 | 501-600 | 501-600 |
| Education | - | 301-400 | 251-300 | 301-400 | 401-500 | 401-500 |
| Law | - | - | - | - | - | - |
| social Sciences | 251-300 | 251-300 | 251-300 | 251-300 | 301-400 | 401-500 |
| Business & Economics | - | - | 401-500 | 501-600 | 501-600 | 601-800 |
| Arts & Humanities | 201-250 | 251-300 | 251-300 | 251-300 | 301-400 | 301-400 |
| Psychology | 301-400 | 251-300 | 251-300 | 251-300 | 251-300 | 301-400 |
| Clinical and Health | 301-400 | 401-500 | 401-500 | 401-500 | 501-600 | 401-500 |
| Computer Science | - | - | - | - | - | - |
| Engineering | 176-200 | 176-200 | 201-250 | 201-250 | 301-400 | 301-400 |
| Life Sciences | 126-150 | 126-150 | 151-175 | 151-175 | 176-200 | 201-250 |
| Physical Sciences | 176-200 | 201-250 | 201-250 | 201-250 | 301-400 | 301-400 |

### Sameiginlegar birtingar HÍ og franskra aðila




### Hlutfall birtinga HÍ í samstarfi við önnur lönd (2000-2023) USA, Svíþjóð, UK, Danmörk, Þýskaland




### Hlutfall birtinga HÍ í samstarfi við önnur lönd (2000-2023) frh. Noregur, Holland, Finnland, Frakkland, Ítalía




### Hlutfall sameiginlegra birtinga með atvinnulífi




### Hlutfall sameiginlegra birtinga með aðilum í heilbrigðisvísindum




Að framsögum loknum gaf rektor orðið laust.

Forseti Íslensku- og menningardeildar ræddi drög að frumvarpi til laga um skólagjöld fyrir nemendur frá löndum utan EES og sagði að svo virtist sem málinu væri beinlínis beint gegn Íslensku- og menningardeild. Sagði hann það vera óþolandi að klifað væri á því að Ísland þyrfti að ganga í takt við Norðurlöndin og spurði hvers vegna þessu væri þá ekki líka haldið fram varðandi fjármögnun háskóla. Sagðist hann vonast til þess að Háskóli Íslands svaraði þessari skólagjaldakröfu af festu.

Rektor brást við og sagði að Háskóli Íslands myndi í umsögn sinni um lagafrumvarpið bregðast til varnar fyrir þær námsgreinar sem hefðu hagsmuna að gæta, en benti jafnframt á að einstökum einingum og einstaklingum væri frjálst að senda inn umsagnir.

Til máls tók undir þessum lið, auk rektors, Halldórs Jónssonar og Friðriku Harðardóttur, Gauti Kristmannsson.

**Kl. 14.50-15.45**
**Dagskrárliður 4**
**Skipulags- og samgöngumál háskólasvæðisins**

Undir þessum dagskrárlið voru haldnar þrjár framsögur og að þeim loknum umræður. Fyrstu framsöguna flutti Hrund Ólöf Andradóttir, prófessor og formaður skipulagsnefndar háskólasvæðisins.
























## Þróunaráætlunin skerpir á staðaranda og séreinkennum

**Áhrifaríkur arkitektúr** | **Sjónásar milli kennileita** | **Friðland Vatnsmýrar**





- Sterkur grunnur fyrir örvandi náms og starfsumhverfi

## Fjölnota almenningsrými með auðkenndum göngu- og hjólaleiðum



## Bættar tengingar

**Við nærumhverfi**



**Við fjærumhverfi (Borgarlínan)**



## Sjálfbærar byggingar

- Haldið í hefðina að byggja fallegar og vandaðar byggingar
    - Vistvæn og sjálfbær mannvirki skv. viðurkenndri aðferðarfræði
    - Endurmyndandi (e. regenerative) og orkunýtin
    - Virðing fyrir viðkvæmu samhengi til að sögulegar byggingar fái að njóta sín þótt umhverfið í kringum þær breytist
    - 3-5 hæðir
    - Með virkar götuhliðar og jarðhæðir



## Áfangaskipting

- Innleiðing þróunaráætlunarinnar er langtímaverkefni sem viðkemur Háskóla Íslands og fjölbreyttum hópi hagaðila með ólíka hagsmuni.
- Verkefnið vinnst í áföngum samhliða byggingar-framkvæmdum, gjaldtöku bílastæða og innleiðingu samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.
- Áfangarnir verða ýmist leiddir af Háskóla Íslands, ríkisvaldinu, eða Reykjavíkurborg í samvinnu við nærliggjandi stofnanir, s.s. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðarbókhlöðu, Þjóðminjasafni, Norræna húsinu og Félagsstofnun Stúdenta svo dæmi séu nefnd.
- Viðamikil endurgerð á háskólasvæðinu sem þessi kallar því á faglega yfirstjórnun, gegnsæ samskipti og traust



## Fyrsti áfangi: 2025-2026



## Annar áfangi: 2031-2032



## Þriðji (og síðari áfangi)

### Síðari áfangi



## Fjórði áfangi




## Bílar og bílastæði

- Stefnt er að því að draga úr almennri bílaumferð
- Bíla- og hjólastæðaþörf metin í samgöngumati sem tekur mið af framtíðaruppbyggingu, s.s.:
    - Þróun á reitum innan HÍ
    - Þróun innan Borgarinnar (t.d. í Skerjafirði)
    - Borgarlínu
- Tekin verður upp gjaldskylda á bílastæðum Háskóla Íslands






Næst greindi Daði Baldur Ottósson, samgönguverkfræðingur hjá Eflu, frá niðurstöðum nýgerðs samgöngumats fyrir háskólasvæðið.


















## Aðferðafræði

Sviðsmyndagreining með samgöngulíkani

- Tilgreindir voru þættir sem hafa áhrif á á val á ferðamáta og ferðaskópun:
  - Strangari bílastæðakröfur, staðsetningar stæða og gjaldskylda þeirra
  - Bættari almenningssamgöngur
  - Takmörkun bílaumferðar
- Samgöngulíkani höfuðborgarsvæðisins var beitt til að athuga áhrif tilgreindu þáttanna við ákveðnar sviðsmyndir:
  - Umferðarþróun til ársins 2040
    - án uppbyggingar á svæðinu
    - með uppbyggingu á svæðinu

## Aðferðafræði

Sviðsmyndagreining með samgöngulíkani

- Engin uppbygging til 2040
  - *A: Núverandi ástand*
  - B: U40 án uppbyggingar
- Farið verði í uppbyggingu
  - B: U40 án uppbyggingar
  - C: U40 með uppbyggingu
  - D: U40 með uppbyggingu, án gjaldskyldu og bílastæðastefnu
  - E: U40 án Sæmundargötu
  - F: U40 með uppbyggingu 2040+ (Fluggarðar og reitur L)

## Aðferðafræði

Aðgengi gangandi, hjólandi og akandi. Mat á fjölda bíla- og hjólastæða.

- Lagt mat á aðgengi allra ferðamátahópa
  - Gangandi og hjólandi
  - Almenningssamgöngur
  - Akandi umferð (sjá töflu til hliðar)
- Mat á bíla- og hjólastæðafjölda sem þörf er fyrir á svæðinu miðað við reglur Reykjavíkurborgar

TAFLA 6 Skilgreiningar á þjónustustigi/afkastagetu götukafla í báðar akstursstefnur m.t.t. umferðarmagns .

| ÞJÓNUSTUSTIG | AFKASTAGETA (ÖKUTÆKI Á SÓLARHRING Í BÁÐAR AKSTURSSTEFNUR) | SKÝRING |
|---|---|---|
| Gott ástand | < 12.000 | Gott ástand. Umferðmagn þess eðlis að ekki verða miklar raðir eða tafir fyrir akandi umferð. |
| Nærri afkastagetu | 12.000 – 15.000 | Ástand nærri afköstum. Umferðarmagn nálægt afkastagetu 1+1 gatna í borgarumhverfi. Raðir byrjaðar að myndast á annatímum og þjónustustig farið að versna. |
| Erfitt ástand | > 15.000 | Erfitt ástand. Umferðarmagn þess eðlis að grípa þarf til aðgerða til að auka umferðarrýmd götukafla ef bæta á þjónustustig akandi umferðar. |

# Niðurstöður



| SVIÐSMYND | AKANDI | ALMENNINGSSAMGÖNGUR | GANGANDI OG HJÓLANDI | SAMTALS |
|---|---|---|---|---|
| A: Núverandi | 81% | 8% | 11% | 100% |
| B. Umferð 2040 - án uppbyggingar | 50% | 28% | 23% | 100% |

## Niðurstöður

Samanburður sviðsmynda A og B

- Samgöngulíkanið gerir ráð fyrir Borgarlínu á svæðinu árið 2040 og virk bílastæðastefna sé í gildi
- Helstu niðurstöður:
  - Á meginaðkomum inn á svæðið er samanlögð bílaumferð nærri óbreytt
  - Hlutdeild vistvænna samgöngumáta eykst umtalsvert



| SVIÐSMYND | AKANDI | ALMENNINGSSAMGÖNGUR | GANGANDI OG HJÓLANDI | SAMTALS |
|---|---|---|---|---|
| B. Umferð 2040 - án uppbyggingar (með bílastæðastefnu) | 50% | 28% | 23% | 100% |
| C. Umferð 2040 – með uppbyggingu | 53% | 26% | 21% | 100% |
| D. Umferð 2040 – með uppbyggingu án bílastæðastefnu | 65% | 20% | 15% | 100% |
| E. Umferð 2040 – með uppbyggingu, með lokun Sæmundargötu | 50% | 28% | 22% | 100% |
| F. Framtíð 2040 – með uppbyggingu 2040+, með lokun Sæmundargötu | 50% | 28% | 22% | 100% |

## Niðurstöður

Samanburður sviðsmynda

- Hlutdeild ferðamáta í sviðsmyndum með uppbyggingu er mjög svipuð, nema í sviðsmynd D.
- Bílastæðastefna er mikilvæg fyrir háskólasvæðið.
- Fyrir allar sviðsmyndir reiknast mesta umferðaraukningin á Njarðargötu.
  - Mikil uppbygging austast á svæðinu mun auka enn frekar eftirspurn akandi á Njarðargötu.

## Niðurstöður

Aðgengi gangandi og hjólandi

- Mat höfunda að hjóla- og gönguleiðir verði góðar og styðji við breyttar ferðavenjur
- Tengingar góðar innan háskólasvæðis og við umhverfið




## Niðurstöður

Aðgengi gangandi og hjólandi

- Hönnun göngu- og hjólastíga
  - göngustígar 2,5-3m
  - einstefnuhjólastígar 2,2m
  - tvístefnu hjólastígar 3m
- Gera einnig ráð fyrir „svigrúmi" t.d. fyrir götugögn, gróður og snjóruðningum





## Niðurstöður

Aðgengi almenningssamgangna

- Þjónustustig til fyrirmyndar
- Tengist flestum borgar- og bæjarhlutum

## Niðurstöður

Aðgengi almenningssamgangna

- Má gera ráð fyrir aukningu í innstigum
  - Borgarlína taki mið af því
- Staðsetningar stoppistöðva
  - Hafa í huga skiptingar












Þriðju og síðustu framsöguna flutti Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs.













Rektor þakkaði framsögufólki og gaf orðið laust.

Forseti Menntavísindasviðs þakkaði fyrir áhugaverðar kynningar. Sagði hún að mikið væri um að vera á háskólavæðinu þótt gott hefði verið að sumt af því væri orðið að veruleika þegar Menntavísindasvið flytur í Sögu. Starfsfólk og nemendur fræðasviðsins horfu engu að síður með tilhlökkun til þess að flytja á meginsvæði Háskóla Íslands og þróunaráætlunin fyrir háskólasvæðið væri mjög gott innlegg í það.

Fulltrúi nemenda sagði þróunaráætlunina birta frábæra framtíðarsýn fyrir blómlegan kampus með umhverfismál og sjálfbærni að leiðarljósi. Það skipti stúdenta öllu máli að eiga greiða aðkomu að háskólasvæðinu og framtíðin megi ekki vera þannig að aðgengi nemenda að skólanum verði skert áður en Borgarlínan kemur eftir allmörg ár. Þá sagði hann það vera slæmt að nemendur og starfsfólk eigi að borga fyrir að mæta í vinnu og nám og að setja mætti spurningamerki við þá framtíðarsýn að 35% fólks muni koma á háskólasvæðið á reiðhjólum. Það sé algjört lykilatriði að þær breytingar í samgöngumálum sem hér hafa verið kynntar komi ekki áður en aðrir samgöngukostir koma til sögunnar.

Kjörinn fulltrúi Menntavísindasviðs sagði mikinn spenning vera á sviðinu vegna væntanlegs flutnings í Sögu og að áformin um Hringgarð og samþætting við útinám væru til fyrirmyndar. Það væri aftur á móti áhyggjuefni að allt aðrar áherslur virðast vera varðandi frágang á umhverfi Sögu með hellulögðum gangstéttum, malbikuðum götum og bílastæðum. Spurði hún að lokum hvernig þróunaráætlun komi heim og saman við yfirstandandi frágang umhverfisins í kringum Sögu.

Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs sagði að ekki væri búið að hanna umhverfi Sögu. Yfirstandandi framkvæmdir feli ekki í sér neina breytingu á lóðinni. Nauðsynlegt væri að hafa gangstéttar upp við byggingar og verið væri að koma fyrir snjóbræðslu. Ekki standi til að leggja gras upp að húsum, þótt grófar myndir kunni að gefa slíkt til kynna.

Formaður skipulagsnefndar sagði stóra verkefnið framundan vera fjármögnun þróunaráætlunarinnar. Varðandi samgöngumál sagði hún mikilvægt að horfa heildstætt á ferðavenjur og eins og staðan væri nú væri gert miklu meira fyrir þá sem koma á bílum en þá sem nota aðra ferðamáta. Hvatti hún alla til að kynna sér þær framfarir sem orðið hafa fyrir hjólandi fólk.

Kjörinn fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs vísaði til innleggs síns fyrr á þessu háskólaþingi varðandi staðsetningu sviðsins. Sagði hún misræmi vera á milli fjölda bílastæða sem standi starfsfólki fræðasviðsins til boða miðað við starfsfólk annarra sviða. Til dæmis eigi nemendur í Hjúkrunarfræði- og ljósmóðurfræðideild upp til hópa börn og það væri jafnvel ómögulegt fyrir þau að koma í skólann og mæta troðfullum bílastæðum. Þetta komi skýrt fram í viðhorfskönnunum meðal nemenda.

Fulltrúi nemenda í háskólaráði sagði ástæðuna fyrir því að færri nemendur komi á kampus en áður ekki fyrst og fremst vera þá að takmörkuð bílastæði standi til boða. Til að bæta úr bílastæðaskorti væri mikilvægt að fækka þeim sem nota bílastæði Háskólans en eiga ekki þangað erindi og fyrirhuguð gjaldtaka á m.a. að hafa áhrif á þetta.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors og framsögufólks, þau Andri Már Tómasson, Arent Orri Jónsson, Íris Ellenberger, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir.

Fleira var ekki gert og þakkaði rektor öllum sem höfðu framsögu á þinginu og þeim sem tóku þátt í umræðum fyrir þeirra framlag og sleit háskólaþingi kl. 15.45.

**Útsend gögn fyrir 34. háskólaþing 20. nóvember 2024:**

1. Dagskrá 34. háskólaþings 20. nóvember 2024.
2. Listi yfir fulltrúa á háskólaþingi.
3. Fundargerð 33. háskólaþings 17. apríl 2024.
4. Þróunaráætlun fyrir Háskóla Íslands, dags. 7. nóvember 2024.